

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi 1. júní 2023 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Sunnufliót 13, óveruleg breyting deiliskipulagi Flata.

Breytingin gerir ráð fyrir stækkun bílastæðis fyrir framan hús, úr tveim stæðum í þrjú.

Mávanes 17, óveruleg breyting á deiliskipulagi Arnarness.

Breytingin gerir ráð fyrir smáhýsi sem er 15 fermetrar að grunnfleti.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 15. júní 2023 eftirfarandi:

Vetrarbraut 2-4, breyting á deiliskipulagi.

Breytingin gerir ráð fyrir því að bifreiðageymslur geti verið 2 hæðir og eykst byggingarmagn sem því nemur.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 21. júní 2023.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 22. júní 2023